

Föstudaginn 26. nóvember 1943.

Nr. 87/1943. **Valdstjórnin** (Guðmundur Í. Guðmundsson)
gegn

Unni Jónsdóttur (Kristján Guðlaugsson).

Brot gegn lögum um húsaleigu.

Dómur hæstaréttar.

Knud K. Thomsen hefur skýrt frá því fyrir húsaleigunefnd og í lögreglurétti, að kærða hafi, eftir að hún sagði honum upp húsnæðinu á Eiríksgötu 15, margsinnis tjáð honum, að tilvonandi tengdamóðir hennar ásamt tveimur dætrum hennar og sonarsyni ætti að flytjast í íbúð hans, en að sjálf ætlaði kærða að búa á Laufásvegi 55. Karl S. Jónasson læknir, er íbúð hafði á Laufásvegi 55, hefur borið það fyrir dómi, að bæði hafi kærða og móðir hennar tjáð honum, er honum var sagt upp íbúð þessari og eftir það, að kærðu væri ætlað húsnæðið til íbúðar. Í júlímánuði 1942 fluttist móðir þáverandi unnusta kærðu í íbúðina á Eiríksgötu 15 ásamt dætrum sínum og sonarsyni, en er kærða giftist greindum unnusta sínum, settust þau að í íbúð þeirri á Laufásvegi 55, er Karl S. Jónasson læknir hafði áður búið í. Af þessu þykir mega ráða, að kærða hafi ekki haft brýna þörf húsnæðisins á Eiríksgötu 15 sjálfri sér til handa vorið 1942 og því aflað sér úrskurðar húsaleigunefndar með villandi skýrslum. Hefur hún þannig gerzt sek við 1. gr. laga nr. 126/1941, og þykir refsing hennar samkvæmt 11. gr. laga nr. 106/1941 hæfilega ákveðin 600 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar varðhald 15 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málalokum ber kærðu að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda kærðu í héraði, kr. 200.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 300 krónur til hvors.

Héraðsdómarinn, sem að vísu hefur lýst atvikum málsins, hefur ekki rökstutt niðurstöðu sína, og er það aðfinnsluvert.

Því dæmist rétt vera:

Kærða, Unnur Jónsdóttir, greiði 600 króna sekt til rikissjóðs, er afplánist 15 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guðmundur Í. Guðmundssonar og Kristjáns Guðlaugssonar, kr. 300.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 3. marz 1943.

Ár 1943, miðvikudaginn 3. marz, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Þórði Björnssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 493/1943: Valdstjórnin gegn Unni Jónsdóttur.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. f. m., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Unni Jónsdóttur frú, til heimilis á Laufásvegi 55 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum frá 8. september 1941 um húsaleigu, sbr. lög nr. 126 1941 um viðauka við og breytingu á þeim lögum.

Kærða er komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 27. júní 1907, og hefur, svo kunnugt sé, hvorki sætt ákæru né refsingu.

Með samningi, dags. 5. okt. 1937, tók kærandi Knud Kjartan Thomsen á leigu 3 herbergi og eldhús í húsi kærðu nr. 15 við Eiríksgötu. Var leigutími óákveðinn, en 3 mánaða uppsagnarfrestur áskilinn, miðað við 14. maí eða 1. október. Í byrjun síðastliðins árs sagði kærða K. K. Thomsen upp húsnæðinu frá 14. maí sama ár. Byggði hún uppsögnina á því, að hún þyrfti að fá húsnæðið til íbúðar fyrir sjálfa sig, þar eð hún ætlaði að gifta sig. K. K. Thomsen hafði um nokkurt skeið framleigt kæranda Freymóði Jóhannssyni tvö herbergi af húsnæði sínu, og er kærða sagði honum upp húsnæðinu, sagði hann Freymóði upp hans húsnæði frá sama tíma.

K. K. Thomsen og Freymóður Jóhannsson kærðu til húsaleigunefndar uppsagnirnar á íbúðum þeirra og dvöldu í þeim á meðan. Nefndin kvað upp úrskurð sinn 4. júní og taldi uppsagnirnar

gildar. Freymóður fór síðan úr húsnæði sínu um 14. júní. Milli K. K. Thomsen og kærðu varð það samkomulag 15. júní, að hann héldi einu herbergi af húsnæði sínu til 1. október næsta á eftir. Flutti hann úr herbergi þessu um miðjan október s. l.

Unnusti kærðu, Finnbogi Kjartansson, þurfti skyndilega að fara til Englandi 10. júní s. l. vegna ræðismannsstarfa sinna, og voru þau þá ekki búin að gifta sig. Kom hann ekki aftur til landsins fyrr en í seinni hluta september. Kærða flutti ekki í hið auða húsnæði á Eiríksgötu 15, heldur flutti móðir unnusta kærðu, Ingibjörg Jóhannsdóttir, og börn Ingibjargar þangað í júlímánuði og hafa búið þar síðan. Á jóladag giftu kærða og unnusti hennar sig, og hafa þau búið á Laufásvegi 55.

K. K. Thomsen og Freymóður Jóhannesson hafa haldið því fram, að kærða hafi aldrei sjálf ætlað sér að nota húsnæði það, er þeir höfðu á leigu, heldur hafi húsnæðinu verið sagt upp til að koma tengdamóður kærðu í það, því að hún hafi verið í húsnæðishraki. Kærða og maður hennar hafi ætlað að búa á Laufásvegi 55 í húsi móður kærðu í íbúð, er Karl Sig. Jónasson læknir hafði á leigu. Hefur Karl borið það, að honum hafi verið sagt upp húsnæði þessu frá 14. maí síðastliðnum á þeim forsendum, að kærða þyrfti að fá húsnæðið, enda hafi hún nokkru síðar óskað eftir lyklum íbúðarinnar, af því að hún ætlaði að breyta íbúðinni, áður en hún flytti í hana. K. K. Thomsen hefur borið, að kærða hafi hvað eftir annað, eftir uppsögn íbúðar hans, sagt við hann, að tilvonandi tengdamóðir hennar ásamt tveimur dætrum hennar og ef til vill 8 ára sonarsyni hennar ættu að fá íbúðina til afnota, en að hún sjálf og maður hennar ætluðu sér að búa á Laufásvegi 55. Engir vottar hafi þó verið að þessu.

Kærða mótmælir því eindregið, að hún hafi sagt K. K. Thomsen upp húsnæðinu til þess að koma núverandi tengdamóður sinni í það, en að hún hafi sjálf ætlað að búa á Laufásvegi 55. Kærða kveðst ekki hafa fundið ástæðu til að flytja ein í íbúð þá, er Freymóður rýmdi úr, á meðan að unnusti hennar var erlendis, enda hafi hún verið laus við í bænum síðastliðið sumar. Þó kveðst hún hafa flutt dót sitt á Eiríksgötu 15. Móðir unnusta kærðu hafi haft á leigu herbergi á Flókagötu 6, en án eldfæra, og hafi kærða því leyft henni að flytja í hið auða húsnæði á Eiríksgötu 15, þar sem aðgangur var að eldhúsi. Er K. K. Thomsen hafði rýmt húsnæðið að fullu í október, kveðst kærða hafa flutt í það og búið þar þangað til í desember, að hún flutti aftur á Laufásveg 55 vegna veikinda móður hennar, sem býr þar. Á Laufásvegi 55 bjó kærða í einu litlu herbergi ásamt 8 ára gamalli dóttur sinni. Kærða neitar því að hafa nokkurn tíma sagt K. K. Thomsen, að hún ætlaði að búa á Laufásvegi 55 og að tilvonandi tengdamóðir hennar ætti að fá íbúðina á Eiríksgötu 15, en viðurkennir að hafa

gefið honum í skyn, að ef hana vantaði húsnæði, myndi hún taka hana inn á heimili sitt.

Móðir kærðu hefur neitað því að hafa sagt Karli Sig. Jónasyni, að kærða ætti að fá húsnæði það, er hann hafði á leigu á Laufásvegi 55, heldur hafi hún sagt honum, að önnur hvor dóttir hennar, kærða eða Ólafía Guðlaug, sem báðar hefðu í hyggju að gifta sig, ættu að fá húsnæðið. Þegar Ólafía Guðlaug gifti sig, hafi hún fengið íbúð hjá tengdamóður sinni í Miðtúni 7, þar sem losnað höfðu tvö herbergi um þetta leyti, og tengdamóðir hennar var ein í húsinu. Kærða og maður hennar hafi því flutt í íbúðina á Laufásvegi 55, og hefur kærða lýst því yfir, að þau hjónin ætli að búa þar í vetur.

Kærða hefur með atferli því, er að framan greinir, gerzt brotleg gegn 1. gr. laga nr. 126 9. desember 1941, sbr. lög nr. 106 8. september 1941 um húsaleigu. Þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 18 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal kr. 300.00 til skipaðs verjanda sins í málinu, Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns.

Málið hefur verið rekið víðalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærða, Unnur Jónsdóttir, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 18 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hún greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 300.00 kr. til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.